

Eftirfylgni: Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna (SRA)

Niðurstaða

Ríkisendurskoðun telur ekki þörf á að ítreka ábendingar sínar úr skýrslunni *Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna (SRA)* frá 2013. Hinn 1. janúar 2015 var skrifstofan formlega lögð niður en hún hafði séð um bókhaldsþjónustu nokkurra ríkisstofnana sem sáu sér hag í að nota viðskipta- og upplýsingakerfi sem byggja á *Navision*-hugbúnaði. Jafnframt var Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís) gert kleift að yfirtaka þau verkefni sem SRA hafði áður sinnt fyrir þá stofnun. Loks hefur stofnunum sem nota önnur fjárhagskerfi en fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins (Orra) fækkað auk þess sem unnið er að því að þróa það kerfi til að mæta þörfum þeirra.

Úr skýrslu Ríkisendurskoðunar árið 2013

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar [Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna \(SRA\)](#) (mars 2013) kom fram að skrifstofan heyrði undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. Hún sá upphaflega um bókhalds- og greiðsluþjónustu fyrir sex ríkisstofnanir en þeim fjölgaði síðan í 21 án þess að reglugerðum sem skrifstofan starfaði eftir væri breytt nema að litlu leyti. Sömu leiðis jukust umsvif þeirra aðila sem skrifstofan veitti þjónustu án þess að gætt væri að fjárförum hennar. Stærstu stofnanirnar sem hún veitti þjónustu voru Hafrannsóknastofnun og Nýsköpunarmiðstöð Íslands sem heyra undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís) sem heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Í skýrslunni var vakin athygli á því að SRA færði bókhald sitt og þeirra aðila sem hún þjónustaði í viðskipta- og upplýsingakerfi sem byggir á *Navision*-hugbúnaði meðan flestar ríkisstofnanir notuðu alfarið Orra. Stærstu stofnanirnar í þjónustu SRA hefðu enda talið að Orri þjónaði ekki þeirra þörfum. Þær fjárfestu því árið 2012 í nýrri uppþærslu á *Navision*-hugbúnaði. Hvorki hefði þó verið gerð þarfagreining né hefði sölu- og þjónustuaðila Orra gefist tækifæri til að leggja fram formlega tillögu að lausnum á því vandamáli sem var talið vera fyrir hendi eða áætla kostnað vegna nauðsynlegra breytinga á kerfinu.

Ríkisendurskoðun benti á að ýmis vandkvæði hlytust af því að ríkisstofnanir færðu ekki bókhald sitt í sama kerfi, m.a. aukin vinna vegna yfirfærslu milli kerfa, oft gamlar og ógagnsæjar upplýsingar og hærri kostnaður. Um leið væri mikilvægt að Orri gæti þjónað þörfum allra A-hluta ríkisstofnana svo að fækka mætti aðilum sem stæðu utan hans. Yrði SRA lögð niður myndi árlegur sparnaður nema a.m.k. 20-25 m.kr.

Ábendingar 2013

Ríkisendurskoðun beindi tveimur ábendingum til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Yfirfara þyrfti verkefni og starfsemi SRA og meta hvort enn væri þörf fyrir þjónustu hennar. Væri slík þörf fyrir hendi þyrfti ráðuneytið að endurskoða lög og reglugerðir sem skrifstofan starfaði eftir og taka afstöðu til þess hvort eðlilegt væri að hún veitti stofnunum annarra ráðuneyta bókhalds- og greiðsluþjónustu, ýmist endurgjaldslaust eða samkvæmt þjónustusamningi.

Í viðbrögðum ráðuneytisins við ábendingunum 2013 kom fram að það hefði frá hausti 2012 fundað með SRA og m.a. farið yfir ástæður og afleiðingar þess að skrifstofan notaði ekki Orra. Einnig hefði verið rætt um það hvort réttlætlegt og hagkvæmt væri að stofnanir ráðuneytisins sæktu bókhaldsþjónustu til annarra en Fjársýslu ríkisins sem veitti sambærilega þjónustu.

Ríkisendurskoðun beindi einni ábendingu til mennta- og menningarmálaráðuneytis, þ.e. um nauðsyn þess að samráð væri haft við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti þegar gerðar væru breytingar á verkefnum Rannís sem hefðu bein áhrif á starfsemi SRA. Tryggja þyrfti að SRA hefði fjármagn, lagaheimildir og mannauð til að takast á við breytt verkefni Rannís, s.s. aukið utnumhald á styrkjum.

Í viðbrögðum sínum árið 2013 benti ráðuneytið á ábyrgð forstöðumanna og stjórnna sjálfstæðra ríkisstofnana á að útgjöld væru innan fjárlaga og að gildandi lögum og reglum væri fylgt. Forstöðumenn Rannís og SRA hefðu ásamt fleir-

um tekið virkan þátt í umfjöllun um tilfærslu verkefna til Rannís, tekið þær ákvarðanir sem þeir hefðu haft umboð til og annast útfærsluatriði. Samskipti við undirbúning breytinga hefðu ekki gefið tilefni til þess að ráðuneytið beitti sér fyrir auknum fjárveitingum til SRA heldur einungis til Rannís sem annaðist öll mál sem vörðuðu þjónustu SRA.

Loks beindi Ríkisendurskoðun einni ábendingu til fjármála- og efnahagsráðuneytis, þ.e. að ráðuneytið þyrfti að tryggja að Orri gæti þjónað öllum ríkisstofnunum. Til að svo gæti orðið þyrfti að vinna þarfa- og kostnaðargreiningu fyrir þær stofnanir sem stæðu utan kerfisins og leggja fyrir sölu- og þjónustuaðila Orra til úrlausnar.

Í viðbrögðum ráðuneytisins við ábendingunni árið 2013 tók það undir ábendingu Ríkisendurskoðunar. Stefna þess væri að allar stofnanir og fjárlagaliðir notuðu sama fjárhags- og mannauðskerfi og hefði verið unnið markvisst að því á undanförunum árum. Í lok árs 2012 hefði það skipað vinnuhóp sem ætlað væri að skoða bókhalds- og greiðsluþjónustu og launaafgreiðslu Fjársýslu ríkisins og hvort hagræði fælist í útvíkkun á þeirri þjónustu. Niðurstöður hópsins væru væntanlegar en í frumniðurstöðum væri fjallað sérstaklega um hagræðingu sem fælist í því að þær stofnanir sem þá notuðu önnur fjárhagskerfi en Orra færðust yfir. Þær bentu jafnframt til þess að verulegt hagræði gæti falist í því að allar stofnanir og verkefni með umsvif undir ákveðnum mörkum færðust í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins.

Eftirfylgni Ríkisendurskoðunar árið 2016

Í svörum sínum árið 2016 bentu bæði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti á að starfsemi SRA hefði verið lögð niður 1. janúar 2015. Jafnframt gerðu þau grein fyrir meginástæðu þess, þ.e. að fjárveitingar í fjárlögum 2014 hefðu lækkað svo mjög að starfseminni var nánast sjálfhætt. Með þeirri breytingu og tilfærslu verkefna stofnunarinnar til annarra aðila telur Ríkisendurskoðun að brugðist hafi verið við þeim ábendingum sem beint var til þessara ráðuneyta.

Í svari fjármála- og efnahagsráðuneytis í janúar 2016 kom fram að vinnuhópurinn frá 2012 hefði skilað niðurstöðum í árslok 2014. Í kjölfarið hefði honum verið falið að nota þær niðurstöður til að móta tillögu að stefnu um notkun Orra hjá ríkinu og framtíðarstjórnskipulagi. Því verki hefði lokið í

árslok 2015. Ekki hefði verið talið rétt að fara í beina greiningu á þörfum aðila utan Orra fyrr en að því loknu.

Samkvæmt stefnumörkuninni yrði Orri fjárhagsupplýsingakerfi ríkisins næstu 5–10 árin. Aðeins í undantekningartilvikum ættu ríkisstofnanir að nýta sér annað kerfi og þá að vel rökstuddu máli. Ríkisaðilum sem nýttu sér önnur fjárhagskerfi en Orra hefði fækkað úr 13 í 9 en auk þeirra væri bókhald 6 annarra fjárlagaliða fært utan Orra. Fjársýsla ríkisins væri umsýsnaraðili kerfisins og ynni að frekari þróun þess eftir hagsmunum notenda. Gert væri ráð fyrir að skipað yrði notendaráð með fulltrúum ábyrgðaraðila og notenda til að tryggja hagsmuni notenda.

Vegna þeirra breytinga sem átt hafa sér stað eða eru fyrirhugaðar ítrekar Ríkisendurskoðun ekki ábendinguna. Stofnunum sem nota önnur fjárhagskerfi en Orra hefur fækkað og unnið er að því að þróa kerfið til að mæta þörfum þeirra. Ráðuneytið stefni enda að því að önnur kerfi en Orri séu aðeins notuð í undantekningartilvikum. Ríkisendurskoðun mun engu að síður fylgjast með þróun þessara mála.

Um úttektina

Í samræmi við staðla Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana um stjórnsýsluendurskoðun (ISSAI 300 og ISSAI 3000) fylgir Ríkisendurskoðun úttektarskýrslum sínum jafnan eftir með sjálfstæðri athugun á því hvort og þá hvernig brugðist hafi verið við ábendingum þeirra. Slík eftirfylgni fer fram um það bil þremur árum eftir útgáfu skýrslna og leggur stofnunin þar megináherslu á að kanna hvort þeir annmarkar eða veikleikar sem hún vakti athygli á séu enn fyrir hendi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti fengu drög að þessari eftirfylgniskýrslu til umsagnar og þakkar stofnunin þeim fyrir aðstoð og upplýsingar við gerð hennar.